

Aðgengi að réttlæti

Málþing á Grand Hóteli föstudag 9. nóvember 2018 kl. 9:00 – 15:00

Félag um fötlunarrannsóknir og Rannsóknasetur í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands bjóða til málþings.
Málþingið er ætlað öllu áhugafólki um efnið.

Málþingsstjóri: Árni Múli Jónasson

DAGSKRÁ

- 8:30 - 9:00 Kaffi og skráning
- 9:00 - 9:10 Setning - Ásmundur Einar Daðason Félags- og Jafnréttismálaráðherra flytur ávarp
- 9:10 - 10:00 Aðgengi að réttlæti, dómstólar og samningur Sameinuðu Þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (erindi flutt á ensku)
Anna Lawson, prófessor í lögum og forstöðumaður Centre for Disability Studies við Leeds-háskóla, Bretlandi
- 10:00 - 10:15 Aðgangur fatlaðs fólks að réttinum
Brynhildur Flóvenz, dósent við lagadeild HÍ
- 10:15 - 10:30 Persónulegt sjónarhorn og reynsla fatlaðs fólks af dómskerfinu
Áslaug Ýr Hjartardóttir, nemi í viðskiptafræði við HÍ
Snædís Rán Hjartardóttir, nemi í stjórn málafræði við HÍ

KAFFIHLÉ 30 MÍN

- 11:00 - 11:15 Rýnt í í dómaframkvæmd um rétt fatlaðs fólks til sjálfstæðs lífs
Ásdís S. Ásgeirsdóttir, lögfræðingur
- 11:15 - 11:30 Frá stjórnarskrá til veruleika, stefnubreyting í meðförum dómstóla á réttindum fatlaðs fólks
Sigurlaug Soffía Friðþjófsdóttir, lögfræðingur
- 11:30 - 11:50 Að eiga við ríkisstofnanir fyrir dómstólum
Vera Kristín Vestmann Kristjánsdóttir, móðir
Júlí Ósk Antonsdóttir, lögfræðingur
- 11:50 - 12:05 Rýnt í dómaframkvæmd þar sem foreldrar eru með geðsjúkdóma
Guðrún Jónsdóttir, lögfræðingur



HÁDEGISHLÉ 60 MÍN

- 13:00 - 13:15 Mál sem rata ekki fyrir dómstóla
Páll Rúnar M. Kristjánsson, hæstaréttarlögmaður
- 13:15 - 13:30 Rannsóknir kynferðisbrota gegn fötluðu fólki: Niðurstöður starfshóps ríkissaksóknara og nýjar verklagsreglur
Kolbrún Benediktsdóttir, varahéraðssaksóknari
- 13:30 - 13:45 Persónuleg reynsla fatlaðs fólks af dómskerfinu
Freyja Haraldsdóttir, aðjúnkt og doktorsnemi við menntavísindasvið HÍ
- 13:45 - 14:00 Mikilvægi aðkomu fatlaðs fólks og samtaka þess að lagasetningu og stefnumótun
Laufey Löve, doktorsnemi í fötlunarfræðum
- 14:00 - 15:00 Aðkoma fatlaðs fólks og samtaka þess að stefnumótun og lagasetningu

Pallborð - Þátttakendur:

*Bryndís Snæbjörnsdóttir, Landssamtökin Þroskahjálp
Freyja Haraldsdóttir, Tabú
Katrín Oddsdóttir, mannréttindalögfræðingur
Ragnar Gunnar Þórhallsson, NPA miðstöðin
Rúnar Björn Herrera Þorkelsson, ÖBÍ*

Rannveig Traustadóttir prófessor í fötlunarfræði stýrir umræðu

- 15:00 Ráðstefnulok
- 15:15 Aðalfundur Félags um fötlunarrannsóknir - sérstök dagskrá. Fundarstjóri: Stefan Hardonk

Nánari upplýsingar veitir Stefan Hardonk (hardonk@hi.is)

Öll erindi verða rittúlkðuð

Gott aðgengi



Ágrip

Aðgengi að réttlæti, dómsdólar og samningur Sameinuðu Þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

Access to Justice, Courts and the UN Convention on the Rights of Persons with Disabilities

Anna Lawson, prófessor í lögum og forstöðumaður Centre for Disability Studies við Leeds-háskóla, Bretlandi

This paper will begin by reflecting on why access to justice matters. It will then explore how it is articulated as a human right in the UN Convention on the Rights of Persons with Disabilities and how it is being interpreted by the Committee charged with overseeing the effective implementation of the Convention by States parties. After this, attention will focus on national courts and how the right to access justice, set out in the Convention, is being (and could be used) to develop more inclusive justice systems.

Erindið hefst á umfjöllun um af hverju aðgengi að réttlæti skiptir máli. Síðan verður rýnt í hvernig það er útlistað sem mannréttindi í samningi SÞ um réttindi fatlaðs fólks og hvernig það hefur verið túlkað af nefnd SÞ sem hefur það hlutverk að fylgjast með áhrifaríkri innleiðingu samningsins í þeim löndum sem hafa fullgilt hann. Eftir það verður athygli beint að dómstólum og hvernig rétturinn um aðgengi að réttlæti, sem samningurinn kveður á um, er (eða gæti verið) beitt til að skapa réttlátara dómskerfi.

Aðgangur fatlaðs fólks að réttinum

Brynhildur Flóvenz, dósent við lagadeild Háskóla Íslands

Aðgangur að réttinum (e.access to justice) er ein af grundvallarreglum réttarríkisins og er tryggður í 13. gr Samnings S.þ. um réttindi fatlaðs fólks, Mannréttindasáttmála Evrópu og Stjórnarskrá íslenska lýðveldisins. Í erindi mínu mun ég fjalla um hvernig þessi réttur er tryggður í íslenskum rétti í ljósi fyrrnefndra alþjóðlegra skuldbindinga. Áherslan verður einkum á tvennt, annars vegar aðgangur að réttinum í málum er snerta persónufrelsi fatlaðs fólks, möguleika þess til að fá skorið úr um hvort Lög um réttindagæslu fatlaðs fólks nr. 88/2011 tryggji þeim aðgangur að réttinum og hins vegar aðgangur að réttinum í sakamálum sem fatlað fólk kemur að sem sakborningar, brotapolar eða vitni. Reynt er að svara þeirri spurningu hvort íslenskur réttur uppfylli alþjóðlegar skuldbindingar að þessu leyti.

Persónulegt sjónarhorn og reynsla fatlaðs fólks af dómskerfinu (1)

Áslaug Ýr Hjartardóttir, nemi í viðskiptafræði HÍ

Hvað gerir ung daufblind kona þegar hún fær boð í norrænar ungmennasumarbúðir? Tilkynnir þátttöku, safnar fyrir ferðinni, bókar flug og pakkar í tösku? Nei, kerfið leyfir ekki svona einfaldni. Fyrst þarf að athuga hvort það fáist táknmálstúlkar í ferðina, enda er manneskjan bæði heyrnarlaus og blind. En hvað ef það verður vandamál? Hvað ef kerfið rukkar fyrir nauðsynlega þjónustu? Og hvað ef kerfið vill ekki semja frekar um greiðsluna?

Rétturinn til sjálfstæðs lífs og þátttöku í samfélaginu til jafns við aðra stendur skýr í Samningi S.þ. um réttindi fatlaðs fólks. Rétturinn til að fá viðeigandi aðstoð er einnig tryggður í Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Þannig að það er víst bara tvennt í boði: leita lausnar hjá dómstólum eða gera eitthvað annað. Í þessu erindi mun ég fjalla um þetta mál, aðdraganda, framvindu og niðurstöðu, frá mínu sjónarhorni.



Persónulegt sjónarhorn og reynsla fatlaðs fólks af dómskerfinu (2)

Snædís Rán Hjartardóttir, nemi í stjórn málafræði við HÍ

Að þekkja réttindi sín er lykillinn að réttlæti, rétt eins og að virðing sé borin fyrir réttindum hvers og eins. Þegar lög eru ekki nægilega skýr um skyldur ríkisins til að tryggja einstaklingum réttindi sín þýðir það ekki aðeins að réttindi fólks eru ekki tryggð heldur einnig að einstaklingar vita ekki hvernig þeir eigi að sækja rétt sinn.

Þetta átti og á við um réttinn til táknmálstúlkunar fyrir heyrnarlausu og heyrnarskerta einstaklinga þremur árum eftir að Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðaði að íslenska ríkið verði að hafa þennan rétt skýran í lögum. Það er framfaraskref að fá slíkan dómsúrskurð og ég er bjartsýn á að hann sé visbending um frekari breytingar til hins góða í framtíðinni, þótt slíkt sé að sjálfstöðu merkingarlaust ef virðinguna skortir.

Rýnt í dómaframkvæmd um rétt fatlaðs fólks til sjálfstæðs lífs

Ásdís Sigríður Ásgeirsdóttir, lögfræðingur

Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er staðfest að fatlað fólk eigi rétt á mannréttindum til jafns við aðra og kveður hann á um hvernig stuðla eigi að því að fatlað fólk fái notið þess réttar. Í fyrirlestrinum verður sjónum beint að 19. gr. samningsins, sem fjallar um rétt fatlaðs fólks til sjálfstæðs lífs. Byrjað verður á því að fjalla um inntak ákvæðisins. Í framhaldi af því verður rýnt í tvo dóma Hæstaréttar Íslands, Hrd. 15. október 2015 (116/2015) og Hrd. 1. desember 2016 (80/2016), og velt upp hvernig niðurstaða þeirra samræmist þeim kröfum sem fram koma í ákvæðinu. Að lokum verður kannað hvernig inntak laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og laga nr. 37/2018 um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, sem samþykkt voru á Alþingi 25. apríl 2018 og tóku gildi 1. október síðastliðinn, samræmast þeim kröfum sem fram koma í 19. gr. samningsins.

Frá stjórnarskrá til veruleika, stefnubreyting í meðförum dómstóla á réttindum fatlaðs fólks

Sigurlaug Soffía Friðþjófsdóttir, lögfræðingur

Markmið fyrirlestrarins er að varpa fram mynd af þróun íslenskrar dómaframkvæmdar á sviði mannréttinda fatlaðs fólks. Greint er frá niðurstöðu fyrirlesara á rannsókn á dómum þar sem reynir á túlkun á jákvæðum skyldum ríkisins gagnvart fötluðu fólki. Athugunin laut að dómum frá árinu 1999 fram til dagsins í dag. Niðurstöður athugunarinnar eru að á tilteknu tímabili hafi orðið stefnubreyting í aðferðum dómstóla við túlkun á jákvæðum skyldum ríkisins gagnvart fötluðu fólki. Fjallað verður um þá stefnubreytingu og ályktað um mögulega áhrifætti sem liggja henni til grundvallar.



Að eiga við ríkisstofnanir fyrir dómstólum (1)

Vera Kristín Vestmann Kristjánsdóttir, móðir

Kristján Logi er 13 ára langveikur og fjölfatlaður drengur. Hann var greindur með þroska- og hreyfiþroska skerðingar fyrir 1. október 2007. Þar af leiðandi eiga foreldrar hans ekki rétt á tekjutengdum foreldragreiðslum, þær eru einungis í boði fyrir foreldra sem eiga börn sem hafa greiningu eftir 1. október 2007. Í erindinu mun Vera Kristín, móðir Kristjáns Loga, segja frá baráttu þeirra hjóna við kerfið sem með þessu lagaákvæði mismunar börnum og foreldrum þeirra verulega. Barátta þeirra við Tryggingastofnun hefur tekið mörg ár og höfðu þau hjónin sigur í málinu í Héraðsdómi nú í sumar. Tryggingastofnun hefur áfrýjað þeim dóm til Landsréttar. Baráttunni er því ekki lokið.

Að eiga við ríkisstofnanir fyrir dómstólum (2)

Júlí Ósk Antonsdóttir, lögfræðingur

Það að eiga við ríkisstofnanir fyrir dómstólum reynist oftast en ekki erfitt og virðist almennt mikið kapp lagt í það af hálfu ríkisstofnana að fá málum vísað frá eða fá sýknu fyrir hið opinbera. Farið verður yfir feril máls sem hófst gegn Tryggingastofnun ríkisins fyrir héraðsdómi Reykjavíkur í febrúar 2014 og er í raun enn til meðferðar fyrir dómstólum. Málið snýst um það hvort Tryggingastofnun ríkisins hafi brotið ákvæði stjórnarskrár með ákvörðunum sínum. Í Vestrænu nútímasamfélagi hefði mátt telja að hið opinbera myndi vilja fá úr því skorið hvort að ákvarðanir þess standist stjórnarskrá eða ekki. Hið gagnstæða virðist þó vera raunin, þar sem Tryggingastofnun hefur leitað allra leiða til þess að fá málinu vísað frá dómi og til þess að fá sýknu og hefur enn ekki gefist upp á að reyna að fá málinu vísað frá dómi, samanber kröfgerð þeirra fyrir Landsrétti.

Rýnt í dómaframkvæmd þar sem foreldrar eru með geðsjúkdóma

Guðrún Jónsdóttir, lögfræðingur

Í meistararitgerðinni „Réttur geðfatlaðs fólks til fjölskyldulífs“ var leitast við að varpa ljósi á hvað fælist í rétti geðfatlaðs fólks til fjölskyldulífs og megináhersla lögð á rétt geðfatlaðra foreldra til að fá viðeigandi aðstoð við að uppfylla skyldur sínar við uppeldi og umönnun barna sinna. Réttur geðfatlaðs fólks til fjölskyldulífs samkvæmt íslenskum rétti var skoðaður með hliðsjón af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og í því skyni var rýnt í dómaframkvæmd Hæstaréttar. Skoðaðir voru dómur Hæstaréttar frá árunum 2013 til 2017, þar sem um ræddi forsjáarsviptingu foreldris með geðröskun eða geðfatlaðs foreldris og kannað á hvaða grundvelli foreldrarnir voru sviptir forsjá barna sinna.



Rannsóknir kynferðisbrota gegn fötluðu fólki – niðurstöður starfshóps ríkissaksóknara og nýjar verklagsreglur.

Kolbrún Benediktsdóttir, varahéraðssaksóknari

Í janúar 2017 skipaði ríkissaksóknari starfshóp um meðferð kynferðisbrota gegn fötluðu fólki eða þar sem sakborningur er fatlaður. Starfshópurinn skilaði skýrslu til ríkissaksóknara sl. vor. Gerði starfshópurinn ýmsar tillögur til úrbóta í þessum málum sem m.a. lúta að breytingum sem gera þarf á ákvæðum laga um meðferð sakamála, fræðslu fyrir aðila réttarvörslukerfisins auk þess að gera drög að verklagsreglum þegar um slík mál er að ræða. Í skýrslunni er jafnframt farið yfir nýgildandi löggjöf og það verklag sem viðhaft var hér á landi og það borið saman við Norðurlöndin. Loks er þar umfjöllun um 13. gr. samnings sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og fræðileg umfjöllun um þolendur og gerendur. Ríkissaksóknari hefur nú í framhaldi af útgáfu skýrslunnar gefið út leiðbeiningar í formi fyrirmæla um meðferð kynferðisbrotamála þegar um fatlaðan sakborning og/eða brotþola er að ræða. Í erindinu verður gerð nánari grein fyrir efnistöku skýrslu starfshópsins og innihaldi nýju verklagsreglna ríkissaksóknara.

Mikilvægi aðkomu fatlaðs fólks og samtaka þeirra að lagasetningu og stefnumótun

Laufey E. Löve, doktorsnemi í fötlunarfræðum

Fjallað verður um mikilvægi þess að fötluðu fólki og hagsmunasamtökum þess sé tryggð virk þátttaka í þróun og framkvæmd laga og stefnumótun sem varðar málefni þess. Þessi réttur kemur skýrt fram í Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, grein 4.3, og er frekar skýrður í almennri umfjöllun (e. general comment) nefndar Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Fjallað verður um helstu áherslur í umfjöllun nefndarinnar um það hvernig stjórnvöldum beri að vinna samkvæmt greinin 4.3. Bent verður á hvernig virk þátttaka fatlaðs fólks sjálfs og hagsmunasamtaka þeirra við undirbúning og gerð Samningsins lagði grunninn að því að réttur fatlaðs fólks til þátttöku er í raun undirliggjandi grunnstef í Samningnum. Dregin verða fram sjónarmið sem leggja áherslu á mikilvægi þess að þekking og sjónarmið fatlaðs fólks sjálfs séu miðlæg í lögum sem fjalla um málefni þess.



Málþing Félags um fötlunarrannsóknir er unnið í samstarfi við:



Félag um fötlunarrannsóknir þakkar eftirfarandi styrktaraðilum:



Blindravinafélagið